

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði  
nr. 107 30. maí 1974.

**1. gr.**

Við 1. tölulið 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður 1:  
1. Alvarleg blóðþrýstingshækkun 30. flokkur J. (Diazoxidum NFN).

**2. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar  
nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og öðlast þegar  
gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. apríl 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón Ingimarsson.*

Nr. 125.

20. apríl 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs hjónanna Sveins Guð-  
mundssonar, bónda frá Bjarnastaðahlíð og Þorbjargar Ólafsdóttur, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. apríl 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

Minningarsjóðs hjónanna Sveins Guðmundssonar, bónda, frá Bjarnastaðahlíð  
og Þorbjargar Ólafsdóttur.

**1. gr.**

Sjóðurinn er stofnaður af Guðrúnu Þ. Sveinsdóttur, kennara, til minningar um  
foreldra sína Svein Guðmundsson, bónda frá Bjarnastaðahlíð í Lýtingsstaðahreppi  
í Skagafjarðarsýslu, f. 29. febrúar 1836, d. 18. ágúst 1914 og konu hans Þorbjörgu  
Ólafsdóttur, f. 1. nóvember 1846, d. 15. apríl 1906.

**2. gr.**

Stofnframlag sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón króna 00/100 —. Það má  
aldrei skerða né heldur það fé, er sjóðnum kann að berast með gjöfum, áheitum  
og frjálsum framlögum.

Fé sjóðsins skal ávaxta í útibúi Búnaðarbanka Íslands, Sauðárkróki, og/eða í  
vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum.

**3. gr.**

Markmið sjóðsins er að styrkja ættmenni og niðja ofangreindra Bjarnastaða-  
hlíðarhjóna til háskólanáms.

Skal veita einum nemanda styrk úr sjóðnum 3ja hvert ár og verja til þess til-  
föllnum 3ja ára vaxtatekjum sjóðsins.

Falli styrkveiting niður skal úthlutunarfé lagt við höfuðstól.